

Alþingi
Fjárlaganefnd
101 Reykjavík

Efni: Beiðni um auknar fjárveitingar til heilbrigðisstofnanna á landsbyggðinni

Minnisblað lagt fram í tengslum við fund undirritaðra forstjóra með fjárlaganefnd 31. október 2019

Almennt

Þriðja árið í röð mæta heilbrigðisstofnanir á fund fjárlaganefndar með sömu skilaboð. Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni komu fyrir fjárlaganefnd árið 2017 með það mat að inn í reksturinn vantaði að lágmarki 1.200 milljónir. Þá fékkst 400 milljóna króna framlag sem skipti miklu fyrir rekstur stofnanna og var það fest inni í grunni stofnanna sem er vel. Árið 2018 kom einnig framlag til kaupa á myndgreiningabúnaði og er vinna í fullum gangi við sameiginlegt útböð á röntgentækjum landsbyggðastofnanna. Það er ljóst miðað við fjölda röntgentækja að þörf er á sömu fjármunum árið 2020 og fengust árið 2019 til þess að ganga frá kaupum þessa nauðsynlega búnaðar. Undir lok árs 2018 fengu heilbrigðisstofnanir landsbyggðarinnar úthlutað fjármunum til þess að koma til móts við þann halla sem safnast hafði upp sama ár. Það er mikilvægt að þeir fjármunir verði festir í sessi fyrir rekstur þessara stofnanna en þess sést ekki stað í núverandi fjárlagafrumvarpi.

Komið hefur fram í fréttum að verulegur hluti af rekstrarvanda Landsspítala stafi af vanreiknuðum launabótum. Heilbrigðisstofnanir eru í sömu stöðu. Margar þurfa að leggja út tugi milljóna til að m.a. að bæta kjör lækna í dreifbýli vegna þessa samninga og taka á sig meginhluta þeirra hækkana sem lækna í verktöku hafa fengið. Þá hafa einstaka stofnanir tekist á við verulega fjölgun íbúa án þess að tekið hafi verið tillit til þess að fullu í fjárveitingum eða glíma við önnur staðbundin viðfangsefni.

Enn er þörf á að styrkja rekstur stofnanna að lágmarki um 800-900 milljónir á ári eins og talað var um á fundi fjárlaganefndar árið 2017 til þess að þær geti sinnt þeirri þjónustu sem til er ætlast.

Heilsugæsla á landsbyggðinni

Stefna heilbrigðisráðuneytisins er að efla beri heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað þjónustuþega. Það kemur því á óvart að ekki séu lagðir auknir fjármunir til þessarar þjónustu á heilbrigðisstofnunum, einkum þegar litið er til þess að framboð á ýmissi annarri heilbrigðisþjónustu er takmarkaðra á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Grundvallarmunur er á þjónustu heilsugæslustöðva landsbyggðarinnar samanborið við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þessi munur skýrist af fjölbreyttri þjónustu í höfuðborginni meðan yfir 90% íbúa landsbyggðarinnar nýta heilsugæsluna sem sinn fyrsta viðkomustað. Fjármögnun þarf að vera í samræmi við þetta. Nýtt greiðslulíkan fyrir heilsugæslu á landsbyggðinni liggur fyrir í drögum. Gert er ráð fyrir að líkanið taki gildi um áramótin 2020–21. Hætt er við að líkanið bæti ekki úr þessari stöðu án þess að því fylgi auknir fjármunir.

Þjónusta sérgreinalækna á landsbyggðinni

Þjónusta sérgreinalækna við íbúa landsins er verulega misskipt eftir búsetu. Þeir sérfræðilækna sem sinna heilbrigðisumdæmum landsins sinna þjónustunni á grunni mismunandi þjónustusamninga. Til þess að fá sérfræðiþjónustu lækna á landsbyggðina hefur þróunin verið sú að stofnanir kosta verulegum fjármunum til af rekstrarfé sínu sem ekki er hluti af lögbundnu hlutverki stofnana. Fyrir því eru sterk rök að um þjóðhagslega hagkvæma ráðstöfun fjármuna sé að ræða.

Þessi mismunun í aðgengi að þjónustu sérfræðilækna gerir það að verkum að viðfangsefni á heilsugæslu landsbyggðarinnar verða flóknari. Heilsugæslan er allt í senn fyrsti viðkomustaður bráðaerinda allan sólarhringinn, almenn heilsugæsla og móttaka flókins vanda sem þarf sérfræðikunnáttu til lausnar. Þörf fyrir aukna þjónustu kemur bersýnilega í ljós þegar lýðheilsuvísar

Embættis landlæknis eru skoðaðir. Þar kemur fram að hlutfallslega fæstir meti líkamlega heilsu sína slæma á höfuðborgarsvæðinu miðað við önnur heilbrigðisumdæmi.

Tafla 1: Fjöldi heimsókan til sérfræðilækna eftir heilbrigðisumdæmum. Heimild: Lýðheilsuvísar Embættis landlæknis.

Heilbrigðisumdæmi	Komur á íbúa
Höfuðborgarsvæðið	1,85
Suðurnes	1,35
Suðurland	1,07
Vesturland	0,92
Norðurland	0,76
Austurland	0,62
Vestfirðir	0,61

Það er ósk okkar að þessi vandi sé viðurkenndur og að brugðist sé strax við með auknu fjárframlagi til stofnana til þess að standa straum af kostnaði sem til fellur við komur sérgreinalækna á landsbyggðinni. Einnig er brýnt að styrkja heilsugæslur landsbyggðarinnar þannig að þær geti sinnt sínu fjölþætta hlutverki sem hryggjarstykki búsetu í þessu landi.

Rekstur hjúkrunarheimila á landsbyggðinni

Rekstur hjúkrunarheimila á landsbyggðinni er afar þungur. Það kemur m.a. til af því að ómögulegt er að ná fram þeirri stærðarhagkvæmni sem næst með þeim fjölda rúma sem alla jafna þekkist á höfuðborgarsvæðinu. Þetta þýðir að hjúkrunarstundir fyrir hvern íbúa verða óhjákvæmilega fleiri fyrir smærri rekstrareiningar. Einnig er vert að benda á að með rammisamningi milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila sem undirritaður var 6. september 2016 kom til fjárukning sem ekki hefur skilað sér til þeirra hjúkrunarheimila sem rekin eru fyrir fé sem úthlutað er með fjárlögum. Ekki er auðvelt að sjá hvernig hægt er að takast á við 0,5% hagræðingarkröfu án þess að draga úr mönnun eða fækka rýmum.

Sjúkraflutningar

Aukin ferðamannastraumur, aukin sérhæfing í þjónustu og auknar kröfur um öryggi hafa aukið kostnað við sjúkraflutninga hjá heilbrigðisstofnunum. Því miður er lítið tillit tekið til þessara aukning í fjárframlögum og því nauðsynlegt að ráða á því bót með auknu rekstrarfé. Það er einnig mikilvægt að átta sig á því að þar sem þjónusta er af skornum skammti skipta sjúkraflutningar sköpum.

Guðjón Hauksson
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Jón Helgi Björnsson
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Díana Óskarsdóttir
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Markús Ingólfur Eiríksson
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

Gylfi Ólafsson
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða